Eftirtaldir aðilar, forsætisráðuneyti, kt. 550169-1269, Stjórnarráðinu Lækjartorgi, 101 Reykjavík („**forsætisráðuneytið**"), mennta- og barnamálaráðuneyti, kt. 460269-2969, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík („**mennta- og barnamálaráðuneytið**"), fjármála- og efnahagsráðuneyti, kt. 550169-2829, Lindargötu Arnarhvoli, 101 Reykjavík („**fjármála- og efnahagsráðuneytið**"), Tækniskólinn ehf., kt. 531202-3410, Skólavörðuholti, 101 Reykjavík („**Tækniskólinn**"), Hafnarfjarðarkaupstaður, kt. 590169-7579, Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði („**Hafnarfjarðarbær**") og Skólastræti Tækniskólans ehf., kt. 500924-1010, Skólavörðuholti, 101 Reykjavík („**Skólastræti**"), (sameiginlega vísað til sem „**samningsaðilar**"), hafa í dag gert með sér eftirfarandi

SAMNING UM LOK ÞÁTTTÖKU HAFNARFJARÐARBÆJAR Í VERKEFNINU OG FULLNAÐARUPPGJÖR

1 BAKGRUNNUR

1.1 Hinn 27. júní 2024 var undirritað samkomulag („**samkomulagið**") milli forsætisráðuneytisins, mennta- og barnamálaráðuneytisins, fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Tækniskólans og Hafnarfjarðarbæjar um byggingu nýrra höfuðstöðva fyrir Tækniskólann, skóla atvinnulífsins („**fasteignin**") sem samkvæmt samkomulaginu átti að rísa við Flensborgarhöfn í Hafnarfirði.

1.2 Skólastræti er dótturfélag Tækniskólans og er ætlunin að Skólastræti annist byggingu og rekstur fasteignarinnar fyrir Tækniskólann, í samræmi við ákvæði samkomulagsins („**verkefnið**").

1.3 Samkvæmt samkomulaginu skyldi Hafnarfjarðarbær leggja Skólastræti til 80% af eiginfjárframlagi félagsins með lóð undir fasteignina, byggingarheimildum og fjármunum. Aðilar hafa haft ólíka afstöðu til nánara efnis og umfangs þeirrar skuldbindingar. Í sameiginlegri yfirlýsingu Tækniskólans og Hafnarfjarðarbæjar, dags. 14. september 2026, kom fram að Hafnarfjarðarbæ hefði ekki tekist að afhenda fyrirhugaða lóð í tæka tíð og óvíst væri hvenær af afhendingu gæti orðið. Samningur þessi felur ekki í sér viðurkenningu nokkurs aðila á vanefnd, skaðabótaskyldu eða tiltekinni túlkun samkomulagsins.

1.4 Aðilar hafa nú náð samkomulagi um að ljúka allri þátttöku Hafnarfjarðarbæjar í verkefninu og gera með endanlegum og tæmandi hætti upp öll réttindi og allar skyldur í lögskiptum Hafnarfjarðarbæjar og annarra samningsaðila sem rekja má til verkefnisins, samkomulagsins eða loka þátttöku Hafnarfjarðarbæjar, með þeim skilmálum sem fram koma í samningi þessum.

2 SLIT SAMKOMULAGSINS GAGNVART HAFNARFJARÐARBÆ

2.1 Frá og með gildistökudegi samnings þessa, sbr. 4. gr., lýkur allri þátttöku Hafnarfjarðarbæjar í verkefninu og falla niður öll réttindi og allar skyldur hans samkvæmt samkomulaginu, með þeim undantekningum einum sem sérstaklega eru tilgreindar í samningi þessum. Aðrir aðilar samkomulagsins staðfesta sín á milli að samkomulagið heldur að öðru leyti gildi sínu gagnvart þeim og að þeir vinni í sameiningu að því að annað sveitarfélag komi að verkefninu í stað Hafnarfjarðarbæjar, án frekari aðkomu, skyldu eða ábyrgðar Hafnarfjarðarbæjar.

2.2 Frá gildistökudegi falla niður allar kröfur annarra samningsaðila á hendur Hafnarfjarðarbæ sem rekja má til verkefnisins eða samkomulagsins, að undanskildum rétti Skólastrætis til greiðslu samkvæmt 3. gr. Vanefni Hafnarfjarðarbær greiðsluskyldu samkvæmt samningi þessum takmarkast úrræði gagnaðila við kröfu um ógreidda og gjaldfallna uppgjörsfjárhæð samkvæmt grein 3.1 ásamt dráttarvöxtum og innheimtukostnaði samkvæmt grein 3.5.

3 GREIÐSLA OG FULLNAÐARUPPGJÖR

3.1 Með vísan til alls framangreinds skal Hafnarfjarðarbær greiða Skólastræti kr. 248.000.000,- („**uppgjörsfjárhæðin**"). Uppgjörsfjárhæðin er föst og felur í sér tæmandi

uppgjör alls kostnaðar og allra krafna Skólastrætis vegna þess að ekki verður af verkefninu í Hafnarfirði, þ.m.t. vegna undirbúnings, hönnunar, útboðs, ráðgjafar, innri vinnu, tafa eða annarra þátta verkefnisins.

3.2 Uppgjörsfjárhæðin skal greidd innan 30 daga frá gildistökudegi, gegn greiðslubeiðni Skólastrætis.

3.3 Uppgjörsfjárhæðin skal greidd inn á bankareikning Skólastrætis nr. 0357-26-000858 (kt. 500924-1010). Fjárhæð uppgjörsfjárhæðarinnar er föst og sætir hún ekki lækkun, skuldajöfnuði eða endurkröfu. Skólastræti staðfestir að kostnaður sá sem uppgjörsfjárhæðinni er ætlað að bæta, sbr. kostnaðaryfirlitið sem vísað er til í grein 3.1, verður ekki greiddur eða endurgreiddur af þriðja aðila. Greiðsla uppgjörsfjárhæðarinnar veitir Hafnarfjarðarbæ ekki eignarrétt að hönnunar- eða útboðsgögnum, en Hafnarfjarðarbær skal hafa aðgang að kostnaðaryfirlitinu sem vísað er til í grein 3.1, sem og fylgigögnum þess, vegna stjórnsýslu, endurskoðunar og eftirlits.

3.4 Dráttarvextir samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu reiknast af gjaldfallinni fjárhæð eftir að Skólastræti hefur sent skriflega greiðsluáskorun og veitt Hafnarfjarðarbæ tíu virka daga viðbótarfrest. Innheimtukostnaður takmarkast við sannanlegan og lögmæltan kostnað.

3.5 Greiðsla uppgjörsfjárhæðarinnar í samræmi við greinar 3.1-3.3 felur í sér endanlegt, tæmandi og gagnkvæmt fullnaðaruppgjör allra þekktra og óþekktra krafna sem aðrir samningsaðilar kunna að eiga á hendur Hafnarfjarðarbæ, eða Hafnarfjarðarbær á hendur þeim, vegna verkefnisins, samkomulagsins, undirbúnings þess, framkvæmdar, hönnunar, útboðs, tafa, staðarbreytingar eða loka þátttöku Hafnarfjarðarbæjar. Að frátalinni uppgjörsfjárhæðinni afsala aðilar sér slíkum kröfum. Jafnframt skuldbinda aðilar sig til þess að framselja ekki kröfur sínar samkvæmt samkomulaginu eða samningi þessum. Samningur þessi hefur ekki áhrif á réttindi og skyldur annarra aðila samkomulagsins innbyrðis, en þeir geta ekki beint kröfum vegna þeirra lögskipta að Hafnarfjarðarbæ.

3.6 Skólastræti er eini kröfuhafi greiðslna samkvæmt 3. gr. Greiðsla til Skólastrætis hefur full réttaráhrif gagnvart öllum samningsaðilum. Tækniskólinn og aðrir samningsaðilar geta ekki sjálfstætt krafið Hafnarfjarðarbæ um greiðslur vegna sama kostnaðar eða sömu atvika.

4 GILDISTAKA

4.1 Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, þ.m.t. samþykki viðauka við fjárhagsáætlun vegna greiðslnanna, sbr. 58. og 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Samningurinn og viðauki við fjárhagsáætlun skulu lögð fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu eigi síðar en 18. nóvember 2026. Framlagning málsins felur hvorki í sér samþykki samningsins né skuldbindingu um að hann verði samþykktur. Samningurinn tekur gildi þegar samþykki bæjarstjórnar liggur fyrir („**gildistökudagur**"). Hafnarfjarðarbær skal tilkynna Skólastræti og fjármála- og efnahagsráðuneytinu skriflega um niðurstöðu afgreiðslu bæjarstjórnar sama dag og hún liggur fyrir.

4.2 Hafi samningurinn ekki hlotið samþykki bæjarstjórnar eigi síðar en 2. desember 2026 fellur hann niður án réttaráhrifa. Hvorki samningurinn, drög hans, tilboð né samskipti vegna samningsumleitana fela þá í sér viðurkenningu nokkurs aðila á vanefnd, ábyrgð, tjóni, fjárhæð kröfu eða tiltekinni túlkun samkomulagsins og verða ekki lögð til grundvallar sem slík í síðari ágreiningi. Aðilar halda þá öllum réttindum sínum samkvæmt samkomulaginu og almennum reglum.

5 TRÚNAÐUR

5.1 Aðilar skulu gæta trúnaðar um upplýsingar sem njóta lögmætrar verndar samkvæmt gildandi lögum. Ákvæðið takmarkar ekki skyldur Hafnarfjarðarbæjar samkvæmt upplýsingalögum, stjórnsýslulögum eða öðrum lögum, þar á meðal skyldu til að veita aðgang að gögnum eða upplýsingum þegar slíkt leiðir af lögum. Aðilar skulu, eftir því sem unnt er, hafa samráð um opinbera upplýsingagjöf, án þess að slíkt samráð takmarki

lögbundnar skyldur eða sjálfstæða upplýsingagjöf Hafnarfjarðarbæjar.

5.2 Skylda til fyrirframtilkynningar um upplýsingagjöf gildir ekki ef slík tilkynning er óheimil, óframkvæmanleg, getur tafið lögbundna afgreiðslu eða raskað lögvörðum hagsmunum aðila eða þriðja manns.

6 BREYTINGAR OG VIÐBÆTUR VIÐ SAMNING ÞENNAN

Hvers kyns breytingar eða viðbætur við samning þennan skulu gerðar skriflega og vera undirritaðar af öllum samningsaðilum. Breyting eða viðbót sem felur í sér nýja eða aukna fjárhagslega skuldbindingu Hafnarfjarðarbæjar er háð viðeigandi samþykki og fjárheimild.

7 LÖG OG VARNARÞING

7.1 Um samning þennan gilda íslensk lög.

7.2 Mál sem rísa kunna vegna samnings þessa skulu eiga undir Héraðsdóm Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestu undirrita aðilar samning þennan.

Reykjavík, 18. nóvember 2026

f.h. forsætisráðuneytisins

_____
Kristrún Frostadóttir
forsætisráðherra

f.h. mennta- og barnamálaráðuneytisins

_____
Inga Sæland
mennta- og barnamálaráðherra

f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins

_____
Daði Már Kristófersson
fjármála- og efnahagsráðherra

f.h. Tækniskólans ehf.

_____
Egill Jónsson
stjórnarformaður

f.h. Tækniskólans ehf.

_____
Hildur Ingvarsdóttir
skólameistari

f.h. Skólastrætis Tækniskólans ehf.

_____
Guðmundur Óskarsson
framkvæmdastjóri

f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar

_____
Þórður Þórarinsson
bæjarstjóri